



# Ytra mat Leikskólinn Krílakot

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Björk Ólafsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir  
© Menntamálastofnun, 2016.  
ISBN 978-9979-0-2090-5

## Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna . . . . .	5
Inngangur . . . . .	7
Markmið og tilgangur . . . . .	7
Leikskólinn . . . . .	8
Leikskólinn og umhverfi hans . . . . .	8
Starfsmenn. . . . .	8
Húsnæði . . . . .	9
Útileiksvæði . . . . .	9
Hugmyndafræði og áherslur . . . . .	9
Stjórnun . . . . .	10
Stjórnskipulag og skipurit. . . . .	10
Námskrá og áætlanir . . . . .	11
Stjórnun og starfsmenn . . . . .	11
Fagleg forysta . . . . .	12
Starfsandi og starfsánægja . . . . .	12
Uppeldis- og menntastarf . . . . .	13
Námsaðstæður . . . . .	13
Starfshættir . . . . .	14
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna . . . . .	14
Námssvið . . . . .	15
Velferð og líðan barna . . . . .	16
Mat á námi og velferð barna . . . . .	16
Foreldrasamvinna og ytri tengsl . . . . .	17
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun . . . . .	17
Viðhorf foreldra . . . . .	18
Samstarf við grunnskóla . . . . .	18
Annað samstarf . . . . .	18
Skóli án aðgreiningar . . . . .	19
Sérfræðiþjónusta og sérkennsla . . . . .	19
Börn með annað móðurmál en íslensku. . . . .	20
Innra mat . . . . .	20
Skipulag og viðfangsefni . . . . .	20
Gagnaöflun og vinnubrögð . . . . .	21
Opinber birting og umbætur . . . . .	21
Matsþættir. . . . .	22
Samantekt. . . . .	23
Lokaorð . . . . .	25
Heimildir. . . . .	26



## Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér.

### *Leikskólinn og umhverfi hans*

Leikskólinn Krílakot er fimm deilda leikskóli í Dalvíkurbyggð. Í ágúst 2016 voru leikskólarnir Krílakot og Kátakot sameinaðir undir nafni Krílakots í nýju og endurbættu húsnæði. Þegar matið fór fram voru 93 börn í leikskólanum og 27 starfsmenn. Leikskólakennarar eru um þriðjungur af starfsmannahópnum og uppfyllir leikskólinn því ekki ákvæði laga um menntun og ráðningu leikskólakennara. Húsnæði er rúmgott og lóðin er stór og skemmtilega hönnuð. Starfsfólk og foreldrar komu að hönnun húsnæðis og tóku þátt í uppbyggingu lóðar. Stefna skólans er skýr og sýnileg í starfinu en vinna mætti betur með gildi leikskólans og gera stefnuna aðgengilegri fyrir foreldra sem ekki lesa íslensku.

### *Stjórnun – Skólabragur og samskipti*

Almenn ánægja er með stjórnun leikskólans, stjórnendur eru sýnilegir í starfi og leggja rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu starfi. Stjórnendur leiða faglegt starf þar sem unnið er að þróun og umbótum með hag barna að leiðarljósi. Skólabragur er góður, starfsfólki líður vel í vinnunni og starfsandi hefur markvisst verið efldur. Metnaður ríkir og starfsfólk er stolt af starfi sínu. Skólanámskrá stenst að flestu leyti viðmið aðalnámskrár en betur þarf að gera grein fyrir samstarfi á milli skólastiga og vinnulagi við mat á þroska, námi, vellíðan og færni barna. Einnig þarf að vinna skipurit fyrir leikskólann og skrá verkaskiptingu stjórnenda. Huga þarf að fyrirkomulagi deildafunda í samráði við starfsfólk og vinna símenntunaráætlun.

### *Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna*

Skipulag húsnæðis og útileiksvæðis gerir ráð fyrir fjölbreyttum viðfangsefnum og eru möguleikar þess vel nýttir til leiks og náms. Uppbyggingarstefnan er höfð að leiðarljósi í samskiptum starfsfólks og barna og er lögð áhersla á umhyggju og virðingu í starfi með börnunum. Jafnrétti og jöfn hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu og börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum. Reglur eru skýrar, samræmdar og börnin þekkja þær. Skipulega er unnið að mati á þroska og framförum barnanna. Markvisst er unnið með námssvið aðalnámskrár, einkum læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan og sjálfbærni. Vinna ætti að því að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag, viðfangsefni og verkefnaval. Nýta má uppeldislegar skráningar til að gera áhuga barnanna sýnilegri og gera þeim kleift að hafa áhrif á leiðir í eigin námi.

### *Foreldrasamvinna og ytri tengsl*

Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi við leikskólann sem styður vel við leikskólastarfið. Leikskólastjóri boðar til funda með foreldraráði þegar þörf er á en ráðið þyrfti að setja sér starfsreglur og skrá fundargerðir og gera þær aðgengilegar á heimasíðu leikskólans. Foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans og eru reiðubúnir í sjálfböðavinnu fyrir leikskólann þegar eftir því er leitað. Foreldrar eru ánægðir með starfsemi leikskólans og samskipti við stjórnendur og starfsfólk. Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin og gott samstarf er við Dalvíkurskóla um aðlögun barna á milli skólastiga.

### *Skóli án aðgreiningar*

Sett hefur verið stefna fyrir leikskóla Dalvíkurbyggðar um hvernig sértækum þörfum barna er mætt. Krílakot nýtur góðs stuðnings frá sérfræðingum á félagsviði og fræðslu- og menningar sviði og gott samstarf er líka við heilsugæslu bæjarins. Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir börn sem þarfnast sérstaks stuðnings og fyrir börn sem njóta málörvunar. Nemendaverndarráð er starfandi sem fundar

reglulega um mál einstakra barna. Til fyrirmyndar er hvornig stutt er við börn og foreldra sem hafa annað móðurmál en íslensku. Leikskólinn er með þróunarverkefnið LAP sem felst í að styðja við móðurmál barna af erlendum uppruna. Stefna ætti að því að málörvun og stuðningur fari sem mest fram inni í barnahópnum í daglegu starfi.

### ***Innra mat***

Innra mat er kerfisbundið þar sem unnið hefur verið samkvæmt langtímaáætlun til ársins 2016. Niðurstöður matsins eru settar fram í greinargerðum sem birtar eru á heimasíðu leikskólans. Matið er samofið daglegu starfi og fjölbreyttar aðferðir notaðar við öflun gagna. Vinna þarf nýja langtímaáætlun og setja fram matsáætlun fyrir skólaárið. Einnig þarf að vinna greinargerð um niðurstöður innra mats fyrir skólaárið 2015-2016 þar sem greina þarf styrkleika og tækifæri til umbóta og setja fram nákvæma umbótaáætlun. Markvisst þarf að meta markmið skólanámskrár og skilgreina viðmið um árangur. Auka þarf lýðræðislega þátttöku í innra mati með því að stofna matsteymi með fulltrúum allra hagsmunahópa og leita eftir sjónarmiðum barna.

## Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Krílakoti í Dalvíkurbyggð. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Björk Ólafsdóttur og Sigríði Sigurðardóttur og fór fram á vettvangi 29. ágúst – 1. september 2016. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir; leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðipjónusta og sérkennsla og innra mat.

## Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum<sup>1</sup>.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

## Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi<sup>2</sup>. Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 10. ágúst á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaaðila. Matsmenn dvöldu fjóra daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, leikskólakennara, starfsmenn, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og umsjónarmann sérkennslu. Haft var samband við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi, skipulagi náms og námsaðstæðum í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til. Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra og sveitarstjóra til yfirlstrar.

<sup>1</sup>Lög um leikskóla nr. 90/2008.

<sup>2</sup>Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

## Leikskólinn

Í ágúst 2016 sameinuðust leikskólarnir Krílakot og Kátakot í Dalvíkurbyggð undir heiti þess fyrrnefnda í endurbættu húsnæði gamla Krílakots ásamt nýrri viðbyggingu. Krílakot er í dag fimm deilda leikskóli, þar dvelja 93 börn á aldrinum 9 mánaða til 6 ára og eru um 30% barnanna af erlendum uppruna. Þegar matið fór fram var ekkert barn með sérstakan stuðning. Leikskólinn er opinn frá 7:30 til 16:15 á daginn.

Leikskólinn Krílakot tók til starfa haustið 1980, í hluta núverandi húsnæðis, en áður hafði verið starfræktur leikskóli í öðru húsnæði í bænum frá 1975<sup>3</sup>. Kátakot var einkarekinn leikskóli til margra ára og hét þá Fagrihvammur. Heiti leikskólans var breytt þegar Dalvíkurbyggð tók við rekstrinum, árið 2010, og var hann þá fyrir börn frá fjögurra ára aldri. Til að byrja með var Kátakot undir stjórn Dalvíkurskóla en árið 2013 tók leikskólastjóri Krílakots einnig við stjórnun Kátakots. Fyrir sameininguna hafði aðstoðarleikskólastjóri aðsetur í Kátakoti og sá um daglegan rekstur þar.

## Leikskólinn og umhverfi hans

### Starfsmenn

Við leikskólann starfa 31 starfsmaður og þar af er einn karlmaður. Af þessum starfsmönnum voru fjórir í barnsburðar- eða veikindaleyfi þegar matið fór fram. Leikskólakennarar eru 11 og hlutfall leikskólakennara í starfsmannahópnum er því 35%. Af þeim sem störfuðu á deildum þegar matið fór fram voru 33% leikskólakennarar. Einnig starfa í leikskólanum fjórir starfsmenn sem hafa lokið uppeldistengdu háskólanámi og einn starfsmaður er með háskólapróf í myndlist. Af þeim sem störfuðu á deildum þegar matið fór fram voru 54% fagmenntaðir. Þrír leikskólaliðar starfa við leikskólann. Aðrir starfsmenn eru ófaglærðir en einn stundar nám í uppeldis- og menntunarfræðum og einn er í leikskólaliðanámi. Við leikskólann starfar matráður og aðstoðarmatráður. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri Krílakots eru báðir leikskólakennarar. Samkvæmt kjarasamningi er aðstoðarleikskólastjóri með 16 stjórnunarstundir á viku og stjórnunarhlutfall stjórnendanna tveggja því 140%. Einn leikskólakennari starfar í 75% starfi við sérkennslu og málörvun en var í leyfi þegar matið fór fram. Aðrir stjórnendur eru fimm deildarstjórar og af þeim voru tveir í fæðingarorlofi þegar matið fór fram. Tveir deildarstjórnanna eru leikskólakennarar, einn er þroskajálfi og tveir með próf í uppeldis- og menntunarfræði. Sex starfsmenn eru af erlendum uppruna og leitast er við að starfsfólk með annað móðurmál en íslensku dreifist á deildir með tilliti til máltöku barna, markvissrar málörvunar og læsis.

Leikskólastjóri segir í viðtali að auglýst sé eftir leikskólakennurum á hverju vori og þó að skortur sé á leikskólakennurum sé stöðugleiki í starfsmannahópnum. Við ráðningu starfsfólks er meðmæla leitað og einnig er óskað eftir sakavottorði<sup>4</sup>.

<sup>3</sup> Skólanámskrá Krílakots.

<sup>4</sup>Viðtal við leikskólastjóra.



## Húsnæði

Sameinaður leikskóli flutti í nýtt og endurbætt húsnæði þann 11. ágúst 2016. Húsnæðið er um 930 fermetrar og er rúmgott miðað við fjölda barna. Það uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Húsnæðið er vel skipulagt og býður upp á tækifæri til fjölbreyttra verkefna, þar er bjart og hljóðvist góð. Hver deild hefur til umráða rúmgóða leikstofu, hvíldarherbergi og salerni. Auk þess eru í sameiginlegu rými fjölnota salur, listasmiðja og rúmgóður gangur sem er m.a. nýttur fyrir kubba. Fatahengi fyrir fjórar eldri deildirnar er á sameiginlegum gangi. Yngstu börnin eru í eldri hluta byggingarinnar og er sú deild í töluverðri fjarlægð frá hinum sem hefur bæði kosti og galla, gott er fyrir yngri börnin að vera út af fyrir sig en gæta þarf að því að starfsmenn einangrist ekki<sup>5</sup>.

Skrifstofur stjórnenda liggja saman og þar er hægt að opna á milli. Sérherbergi er fyrir sérkennslu og annað fyrir fundi og viðtöl. Tvö rúmgóð undirbúningsherbergi eru fyrir starfsmenn, setustofa og lítið eldhús. Framleiðslueldhús er í leikskólanum og er maturinn eldaður á staðnum.

Húsnæðið var hannað í samvinnu við stjórnendur, starfsmenn og foreldra og í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram almenn ánægja með þá vinnu og húsnæðið. Í rýnihópi foreldra kom fram ábending um að bílastæðið við leikskólann væri of lítið og það vantaði aðra aðkeyrslu að því. Húsnæði leikskólans, þar sem allir eru nú undir sama þaki, góð aðstaða og staðsetning í nágrenni við náttúruna voru atriði sem nefnd voru sem styrkleikar skólans í flestum rýnihópum og viðtölum.

## Útileiksvæði

Útileiksvæði Krílakots var tekið í gegn árið 2011 og voru George Hollander og samstarfskona hans, Šára Mára, fengin til að endurhanna og byggja upp lóðina<sup>6</sup>. Leiktæki og annað voru aðallega byggð úr íslensku lerki úr Kjarnaskógi og landslag mótað í gróðursæla hóla og hæðir. Töluvert var unnið með endurnýtt hráefni og aðrar náttúruafurðir. Sér útsvæði er stúkað af fyrir yngstu börnin. Á lóðinni er tilbúinn árfarvegur og einu sinni í viku, eftir því sem veður leyfir, er vatni hleypt þar í gegn og börnin leika sér í vatninu og að sögn starfsfólks er það mjög vinsælt. Einnig er á lóðinni bátur sem börnin geta leikið sér í.

Foreldrar tóku mikinn þátt í gerð lóðarinnar og þátttakendur í rýnihópi foreldra voru mjög ánægðir með þá vinnu og lóðina sjálfa.

## Hugmyndafræði og áherslur

Í skólanámskrá Krílakots og Kátakots frá 2015 segir að lögð sé áhersla á að veita börnum hlýju, örvun og hvatningu í öruggu umhverfi sem þeim líður vel í. Þar kemur einnig fram að lögð sé áhersla á öflugt foreldrasamstarf, hollustu og hreyfingu, læsi, stærðfræði, uppeldi til ábyrgðar, tónlist, tengingu við náttúru og nærsamfélag og að borin sé virðing fyrir ólíkum uppruna og fjölbreyttum fjölskyldugerðum. Eins og í öðrum skólum í Dalvíkurbyggð er í Krílakoti unnið samkvæmt stefnunum *Uppeldi til ábyrgðar og Skólar á grænni grein*<sup>7</sup>.

Einkunnarorð Krílakots eru gleði, sköpun og þor og gildi fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar eru virðing, metnaður og jákvæðni. Í gögnum kom fram ruglingur þarna á milli þar sem færri virtust meðvitaðir um einkunnarorð leikskólans en gildi Dalvíkurbyggðar. Fram kom að einu sinni á ári væri starfsdagur hjá öllum í sveitarfélaginu þar sem m.a. hefði verið unnið með stefnu og gildi sveitarfélagsins.

Að sögn leikskólastjóra er sérstök áhersla lögð á fjölmenningsstefnuna núna þar sem skólinn er að innleiða aðferðir sem kallast á ensku *Linguistically appropriate practice, LAP*, og þróaðar voru af Roma Chumak- Horbatsch kennara við Ryerson háskóla í Kanada.

<sup>5</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>6</sup> Sjá heimasíðu Krílakots.

<sup>7</sup> Sjá heimasíðu Dalvíkurbyggðar.

Þátttakendur í öllum rýnihópum þekktu stefnu skólans og töldu hana sýnilega í starfinu en fram kom í rýnihópi foreldra að það vantar upp á að stefna skólans sé aðgengileg fyrir þá foreldra sem lesa ekki íslensku. Stefna og áherslur voru sýnilegar í vettvangsathugunum.

### Styrkleikar

- Stefna leikskólans, hugmyndafræði og áherslur eru skýrar. Þátttakendur í öllum rýnihópum þekktu stefnuna og hún er sýnileg í starfinu.
- Húsnæði leikskólans er nýtt eða nýppgert. Það er rúmgott og vinnuaðstaða barna og starfsfólks er mjög góð.
- Leikskólalóð er stór, skemmtilega hönnuð og býður upp á mikla möguleika.
- Starfsfólk og foreldrar komu að hönnun húsnæðis og foreldrar tóku virkan þátt í uppbyggingu lóðar.

### Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og því þarf að halda áfram að leita allra leiða til að ráða menntaða leikskólakennara til starfa.
- Vinna mætti með gildi leikskólans í tengslum við stefnu og áherslur.
- Gera stefnu skólans betur aðgengilega fyrir þá foreldra sem ekki lesa íslensku.

## Stjórnun

### Stjórnskipulag og skipurit

Leikskólinn Krílakot er rekinn af Dalvíkurbyggð. Leikskólinn, sem er annar af tveimur leikskólum í sveitarfélaginu, heyrir undir fræðslu- og menningarsvið og sviðsstjóri sviðsins er næsti yfirmaður leikskólastjóra. Fræðsluráð, skipað fimm fulltrúum sem sveitarstjórn kys til fjögurra ára, starfar á fræðslu- og menningarsviði<sup>8</sup>. Ráðið heyrir beint undir sveitarstjórn og sviðsstjóri starfar með ráðinu. Hlutverk fræðsluráðs er að vera stefnumótandi aðili í fræðslumálum ásamt því að vera fag- og rekstrarlegur eftirlitsaðili. Fræðsluráð fundar mánaðarlega og leikskólastjóri situr þá fundi þar sem fjallað er um málefni leikskólans<sup>9</sup>. Fulltrúar starfsmanna og foreldra eiga áheyrnarfulltrúa á fundum. Að sögn leikskólastjóra og sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs hefur samstarf leikskólans við fræðsluráð og fræðslusvið verið gott.

Skrifstofa fræðslu- og menningarsviðs veitir eða hefur milligöngu um kennsluráðgjöf, fjölmenningsráðgjöf, talmeinaþjónustu og sálfræðiþjónustu. Starfsmenn fræðsluskrifstofu veita starfsfólki Krílakots ráðgjöf og stuðning í ýmsum málum og einnig er skrifstofan með samning við félagssvið um að sinna vissum þáttum sérfræðiþjónustu<sup>10</sup>. Kennsluráðgjafi á fræðslu- og menningarsviði gerir árlega ytra mat á leikskólanum, þar sem fylgst er með starfi á deildum eftir gátlista<sup>11</sup>. Einnig eru lagðar kannanir fyrir starfsmenn og foreldra á vegum bæjarins. Niðurstöður eru settar fram í matskýrslu og að sögn leikskólastjóra er farið yfir niðurstöðurnar á starfsmannafundum eða deildafundum.

Árið 2014 var mótuð sameiginleg skólastefna fyrir leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla í Dalvíkurbyggð þar sem meðal annars koma fram þau gildi sem starfað er eftir svo og framtíðarsýn í skólamálum. Skólastefnan var unnin af vinnuhópi starfsmanna skólanna, kennsluráðgjafa og fulltrúa í fræðsluráðs en allir hagsmunahópar komu að gerð hennar<sup>12</sup>. Leikskólinn vinnur einnig eftir fjölmenningsstefnu Dalvíkurbyggðar sem út kom árið 2012 en er nú í endurskoðun<sup>13</sup>. Dalvíkurbyggð hefur einnig sett fram stefnu um hvernig mæta eigi sérstökum þörfum barna í leikskólum.

Skipurit fyrir leikskólann liggur ekki fyrir.

<sup>8</sup> Sjá heimasíðu Dalvíkurbyggðar.

<sup>9</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>10</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>11</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>12</sup> Skólastefna Dalvíkurbyggðar.

<sup>13</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

## Námskrá og áætlanir

Í fyrra var lokið við að endurskoða skólanámskrá Krílakots og Kátakots samkvæmt aðalnámskrá leikskóla og að þeirri vinnu komu stjórnendur og starfsmenn<sup>14</sup>. Skólanámskrá fyrir árið 2015 liggur fyrir og er námskráin endurskoðuð á hverju ári að sögn stjórnenda. Vinnu við skólanámskrá fyrir árið 2016 er að mestu lokið en þó á eftir að aðlaga hana að sameiningunni. Stjórnendur sjá að mestu um endurskoðun skólanámskrár en ætlast er til að starfsmenn lesi hana yfir og komi með ábendingar. Leikskólastjóri segir í viðtali að það sé mjög misjafnt hvort fólk geri það. Skólanámskrá Krílakots uppfyllir að flestu leyti þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá árinu 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Gera þarf betur grein fyrir markmiðum, fyrirkomulagi og uppbyggingu samstarfs og tengsla á milli skólastiga og einnig þarf að tilgreina hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst milli leikskóla eða fer í grunnskóla. Einnig þarf að gera betur grein fyrir vinnulagi og aðferðum við að meta þroska barna, nám, vellíðan og færni. Skólanámskrá var ekki aðgengileg á heimasíðu skólans þegar matið var unnið.

Starfsáætlun Krílakots, árið 2016 liggur fyrir en hún er hluti af starfsáætlun fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar. Leikskólastjóri segist í viðtali sjá um gerð starfsáætlunar þar sem m.a. er farið yfir helstu verkefni leikskólans og hvernig þeim hefur miðað frá árinu á undan. Starfsáætlun uppfyllir að mestu kröfur aðalnámskrár og er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Foreldraráð fær skólanámskrá og starfsáætlun til umsagnar og síðan eru þær lagðar fyrir fræðslunefnd til staðfestingar. Börnin koma ekki að vinnu við skólanámskrá eða starfsáætlun.

Unnin hefur verið foreldrahandbók, dagsett í júlí 2016, þar sem fram koma margvíslegar upplýsingar til foreldra um starfið í leikskólanum. Á heimasíðu birtist eldra eintak af foreldrahandbók. Starfsmannahandbók er í endurskoðun að sögn leikskólastjóra og eru starfsmenn hvattir til að lesa hana yfir og koma með ábendingar og athugasemdir.

Áfalla- og slysaáætlun er aðgengileg á heimasíðu. Í henni eru upplýsingar um áfallaráð leikskólans, viðbrögð og áætlanir vegna veikinda, andláts, slysa, jarðskjálfta og bruna. Unnið er að því að uppfæra hana eftir sameininguna og flutning í nýtt húsnæði. Jafnréttisáætlun 2014–2017 er aðgengileg á heimasíðu. Að sögn leikskólastjóra hefur ekki verið unnin sérstök símenntunaráætlun en upplýsingar um símenntun komi að einhverju leyti fram í starfsáætlun. Leikskólastjóri heldur utan um símenntun starfsmanna og einnig er símenntun skráð í ytra mati sveitarfélagsins.

## Stjórnun og starfsmenn

Í viðtölum við stjórnendur kemur fram að þeir eru ekki búnir að ná að setjast niður og skipta með sér verkum eftir sameiningu skólanna en það er á dagskrá.

Í stjórnendateymi Krílakots eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar. Stjórnendur funda einu sinni í viku þar sem farið er yfir vikuna og það sem framundan er<sup>15</sup>. Umsjónarmaður sérkennslu situr þessa fundir ef á þarf að halda<sup>16</sup>. Eftir hvern fund er fréttabréf sent á alla starfsmenn með upplýsingum um það sem um var rætt og er það aðgengilegt á deildum.

Á skóladagatali 2016–2017 eru fimm heilir og tveir hálfir skipulagsdagar. Að auki er hálfur skipulagsdagur á vegum Dalvíkurbyggðar. Á skóladagatali eru átta starfsmannafundir eftir að skóla lýkur á daginn. Að sögn leikskólastjóra eru skipulagsdagar m.a. nýttir til að stilla saman strengi og til námskeiðshalda. Starfsmannahópurinn fór í námsferð til Bandaríkjanna í vor þar sem m.a. var farið í skóla sem starfa eftir uppbyggingarstefnunni.

Fram kom í rýnihópum að misjafnt er hversu oft deildarfundir væru haldnir og að þeir mættu vera oft og reglulegar<sup>17</sup>. Fram kom að stundum þyrfti meiri tíma til að ræða skipulagið og börnin. Fundargerðir eru ritaðar á öllum fundum og eru þær aðgengilegar starfsmönnum. Ætlast er til að þeir starfsmenn sem ekki komast á fundi lesi fundargerðir og skrifi nafnið sitt sem merki um að það hafi verið gert.

<sup>14</sup> Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

<sup>15</sup> Starfsáætlun Krílakot 2016.

<sup>16</sup> Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

<sup>17</sup> Rýnihópar deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmanna.

Móttaka nýrra starfsmanna fylgir skráðu ferli, þar sem stjórnendur fara yfir helstu atriði samkvæmt gátlista og svo tekur deildarstjóri við og fylgir málinu eftir. Allt starfsfólk undirritar ráðningarsamning þar sem fram kemur ákvæði um trúnað og þagnarskyldu. Leikskólakennarar fá samningsbundinn undirbúningstíma og ófaglærðir starfsmenn fá tvo tíma á viku í undirbúning<sup>18</sup>. Að sögn leikskólastjóra er ábyrgð á verkefnum skipt niður á starfsmenn og m.a. er ætlast til að þeir haldi utan um verkefni í sínum undirbúningstíma. Allir starfsmenn fara í starfsþróunarviðtal einu sinni á ári og fram kom almenn ánægja með þau viðtöl. Stjórnendur fara þá m.a. yfir með starfsmönnum hvernig gengið hefur að vinna að stefnu og markmiðum skólans.

## Fagleg forysta

Stjórnendur leiða faglegt starf í leikskólanum þar sem unnið er að þróun og umbótum með hag barna að leiðarljósi. Í rýnihópum kom fram að starfsmenn hafa sitt að segja um stefnu og áherslur leikskólans, sum verkefni eru ákveðin af fræðslufyrirvöldum í sveitarfélaginu, eins og *Uppeldi til ábyrgðar og Skólar á grænni grein*, en annað sé þeirra<sup>19</sup>. Hugmyndir eru þá lagðar fyrir á fundum, þær ræddar og fólk er yfirleitt til í að prófa nýja hluti. Foreldrar í rýnihópi sögðust ekki hafa komið að stefnumótun í leikskólanum en fram kom að foreldraráð fer yfir námskrár.

Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu starfi og segist í viðtali hafa mikinn metnað til að ná árangri í starfi. Í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram ánægja með stjórnendur, gott væri að leita til þeirra og að þeir væru sýnilegir í starfi.

Starfsmenn eru hvattir markvisst til að auka gæði náms og starfs, þeir fá hvatningu og hrós frá stjórnendum og finnst framlag sitt til leikskólans metið að verðleikum<sup>20</sup>. Stjórnendur fylgjast með starfi á deildum og veita endurgjöf en þó ekki reglulega.

Foreldrar í rýnihópi sögðu samskipti við stjórnendur bæði mikil og góð, aðgengi að þeim væri gott, þeir væru vel upplýstir og fengju ávallt skjót svör ef sendur væri tölvupóstur. Foreldrar nefndu metnað í starfi sem einn af styrkleikum skólans. Börn í rýnihópi þekktu leikskólastjóra.

Almennt var í rýnihópum ánægja með upplýsingaflæði og í rýnihópi leikskólakennara var bent á nauðsyn þess að hafa upplýsingatöflu áfram uppi á vegg en hún hafði verið tekin niður vegna byggingarframkvæmda. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að á hverri deild eru samskiptabækur þar sem helstu upplýsingar eru skráðar. Hægt er að nálgast dagskipulag og mánaðaráætlanir á heimasíðu en ekki var búið að setja námsáætlanir inn þegar matið fór fram. Í tvær mánaðaráætlanir vantaði að merkja skipulagsdag inn. Foreldrar í rýnihópi voru ánægðir með upplýsingaflæði frá leikskólanum.

## Starfsandi og starfsánægja

Fram kom í viðtölum og rýnihópum að starfsfólki líður vel í vinnunni og er það í samræmi við niðurstöður starfsmannakönnunar Dalvíkurbyggðar árið 2016, þar sem allir þátttakendur voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni *mér líður vel í vinnunni*. Í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram að starfsandi í leikskólanum er almennt góður, starfsfólk er stolt af starfi sínu og metnaður ríkir. Í rýnihópum og viðtölum kom fram að mikið er lagt upp úr því að samskipti sé hreinskiptin og að fólk tali við hvert annað en ekki um hvort annað<sup>21</sup>. Að sögn leikskólastjóra hefur heilmikið verið unnið með starfsandann, m.a. út frá uppbyggingarstefnunni og með aðstoð frá Símenntunarstöð Eyjafjarðar. Leikskólastjóri segir í viðtali að veikindadögum hafi fækkað og að líðan starfsmanna í vinnu hafi batnað eftir þessar aðgerðir, það sjáist m.a. í niðurstöðum starfsmannakönnana síðustu ára.

Sveitarfélagið hefur einnig lagt sitt af mörkum til eflingar starfsanda og ánægju og í rýnihópi deildarstjóra kom fram að boðið er upp á heilsufarsmælingar, styrki til hreyfingar og fatapeninga auk þess sem allir fá jólagjöf frá Dalvíkurbyggð.

Þátttakendur í öllum viðtölum og rýnihópum telja skólabrag almennt góðan og foreldrum í rýnihópi fannst hann einkennast af jöfnuði og virðingu.

<sup>18</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>19</sup> Rýnihópar leikskólakennara og starfsmanna.

<sup>20</sup> Rýnihópar deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmanna.

<sup>21</sup> Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, rýnihópar leikskólakennara og deildarstjóra.

## Styrkleikar

- Gott samstarf er á milli leikskólans og fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar.
- Stjórnendur leiða faglegt starf þar sem unnið er að þróun og umbótum með hag barna að leiðarljósi.
- Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu starfi.
- Stjórnendur eru sýnilegir í starfi og gott aðgengi er að þeim.
- Almenn ánægja er með stjórnun skólans.
- Starfsandi er almennt góður og unnið hefur verið að eflingu hans bæði innan skólans og hjá Dalvíkurbyggð.
- Metnaður ríkir í leikskólanum og starfsfólk er stolt af starfi sínu.
- Ófaglært starfsfólk fær undirbúningstíma vikulega.
- Starfsfólki líður almennt vel í vinnuni.
- Skólabragur er góður og að mati foreldra í rýnihópi einkennist hann af jöfnuði og virðingu.

## Tækifæri til umbóta

- Gera þarf skipurit fyrir skólann og skrá verkaskiptingu stjórnenda.
- Huga að fyrirkomulagi deildarfunda í samráði við starfsfólk.
- Í skólanámskrá þarf að gera betur grein fyrir samstarfi skólastiga og þeim upplýsingum sem fylgja barni sem flyst milli leikskóla eða í grunnskóla. Einnig þarf að fjalla betur um vinnulag og aðferðir við mat á þroska, námi, vellíðan og færni barna.
- Gera símenntunaráætlun og birta í starfsáætlun.
- Gæta þess að heimasíða sé uppfærð þannig að þar séu ávallt nýjustu upplýsingar og skjöl.
- Virkja foreldra í stefnumótun.

## Uppeldis- og menntastarf

### Námsaðstæður

Skipulag húsnæðisins gerir ráð fyrir fjölbreyttum viðfangsefnum barna, samskiptum og samstarfi í leikskólanum. Aðstaða er til hreyfileikja í sal leikskólans og auk þess hefur leikskólinn aðgang að íþróttahúsi grunnskólans. Einingakubbar eru í sameiginlegu rými sem allar deildir hafa aðgang að og einnig er sameiginlegur listakrókur fyrir allar deildir leikskólans þar sem mikið er af fjölbreyttum endurnýttum efnivið til listsköpunar.

Starfsmenn leggja áherslu á að nýta útileiksvæði vel auk þess sem mikið er farið í vettvangsferðir í nágrenni leikskólans<sup>22</sup>. Börnin sem rætt var við í rýnihópi sögðust fara mikið út að leika sér og í gönguferðir og nefndu að þeim fyndist skemmtilegt að leika úti.

Þegar matsaðilar voru á vettvangi var leikskólinn nýfluttur í endurbætt húsnæði og enn þá átti eftir að staðsetja hluta af leikefni og efnivið leikskólans. Að sögn starfsmanna er efniviður og leikfangakostur góður og sögðust þeir vera duglegir að færa leikföngin á milli deilda til að skapa meiri fjölbreytni. Fram kom að þeir eru meðvitaðir um að kaupa efnivið sem styður við fjölbreytileikann í barnahópnum svo sem með því að kaupa dúkkur sem hafa útlit mismunandi þjóðerna. Endurnýttur efniviður til listsköpunar og leikja var sýnilegur í leikskólanum. Börnin í rýnihópi sögðu að það væri nóg til af dóti í leikskólanum en sögðu að það vantaði samt venjulegan leir.

<sup>22</sup> Rýnihópur starfsmanna og viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Samkvæmt dagskipulagi leikskólans skiptist dagurinn í hópátíma, útivist og frjálsan leik. Hópastarf er fjóra daga vikunnar. Í hópastarfinu eru tekin fyrir ákveðin viðfangsefni, sem skipulögð eru af viðkomandi hópstjóra og hefur hann sinn fasta barnahóp sem hann fylgir yfir veturinn<sup>23</sup>. Svigrúm er líka fyrir frjálsan leik í hópastarfinu eftir að skipulögðu viðfangsefni lýkur. Í vettvangsathugun sáu matsaðilar unnið með einingakubba, listsköpun, frásagnir og sáttmála uppbyggingarstefnunnar í hópastarfinu auk þess sem farið var með hópá í útikennslu. Börnin skiptast á að vera í útiveru þannig að elstu árgangarnir tveir eru í útiveru á meðan yngri árgangarnir eru í hópastarfi og öfugt. Hópstjórnir höfðu því val um að nýta sér aðstöðu hinna deildanna fyrir hópastarf og var sá möguleiki vel nýttur. Einu sinni í viku er frjálst val og þá fer fram frjáls leikur þar sem börnin fá sjálf að velja sér viðfangsefni.

Ánægja er meðal foreldra og starfsmanna með matinn í leikskólanum og vilja matræðs til að mæta öllum þörfum bæði barna og starfsmanna. Foreldrar í rýnihópi sögðu matinn góðan og heilsusamlegan og nefndu hann sem einn af helstu styrkleikum leikskólans.

## Starfshættir

Deildarstjórar skipuleggja uppeldis- og menntastarfið á deildum og þjálfa inn nýja starfsmenn<sup>24</sup>. Deildarstjórar og leikskólakennarar í sameiningu sjá um að leiðbeina ófaglærðu starfsfólki. Samstarf og samábyrgð starfsmanna á deildum var sýnilegt.

Uppbyggingarstefnan er höfð að leiðarljósi í samskiptum starfsfólks og barna. Lögð er áhersla á umhyggju og virðingu í starfi með börnunum og að samskipti einkennist af uppbyggingu og jákvæðni í stað boða og banna. Í vettvangsathugunum sáu matsmenn að starfsfólk mætti börnunum af virðingu og samskipti voru oftast uppbyggileg. Börnin fá viðfangsefni við hæfi sem vekja áhuga þeirra. Um þátttöku starfsfólks í leik barna sögðu börnin í rýnihópi: „Já, þeir leika stundum með okkur ... stundum í spili. Ekki í búningaleik af því þeir eru of litlir“.

Virðing er borin fyrir fjölbreytileika í barna- og starfsmannahópnum. Í samræmi við uppbyggingarstefnuna hefur verið mótaður sáttmáli sem felur í sér fimm samskiptareglur fyrir börn og starfsfólk. Sáttmálinn er settur fram á myndrænan hátt og er sýnilegur á veggjum allra deilda. Sáttmálinn er einkennandi fyrir uppeldisstarfið að sögn deildarstjóra í rýnihópi og börnin í rýnihópi þekktu hann vel. Börnin taka þátt í að móta samskiptareglur leikskólans og auk þess eru sumir hóparnir með sínar eigin reglur sem börnin eiga þátt í að móta.

## Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í skólanámskrá kemur fram að lögð sé áhersla á lýðræðislegt leikskólastarf þar sem hver og einn fái tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt<sup>25</sup>. Lýðræðisleg þátttaka barna er þó ekki mjög sýnileg í leikskólanum. Að sögn starfsmanna í rýnihópum hafa börnin almennt ekki áhrif á skipulag starfsins eða ákvarðanatöku innan leikskólans. Viðfangsefni í hópastarfi og útikennslu eru oftast valin af viðkomandi hópstjóra en séu börnin með einhverjar hugmyndir er reynt að koma til móts við þær. Viðfangsefni valstunda og frjálsra leikstunda eru líka alla jafna valin af starfsfólki en stöku sinnum fá börnin að velja hvaða viðfangsefni eru í boði. Í rýnihópi sagði eitt barn: „Kennararnir leyfa börnunum að velja dót og stundum að ráða“. Börnin sögðust mega ráða við hverja þau leika og þau mættu líka skipta um verkefni þegar þau vildu en þyrftu fyrst að ganga frá eftir sig.

Í rýnihópum og viðtölum var þó nefnt dæmi um tilvik þar sem börnin komu fram með óskir um minni útiveru og meiri frjálsan leik og komið var til móts við óskir þeirra með því að breyta dagskipulagi og taka af einn útivistartíma<sup>26</sup>. Einnig var sagt frá því að börnin koma með hugmyndir að nafni á hópinn sinn í hópastarfi og kosið er lýðræðislega á milli þeirra tillagna sem fram koma. Í vettvangsathugun varð matsaðili vitni að umræðu í samverustund um lýðræði og kosningar sem spratt upp hjá börnunum í framhaldi af nafnavali í einum hópnum. Börnin í rýnihópi voru einnig mjög upptekin af kosningu um nafn á hópana.

<sup>23</sup> Rýnihópar starfsmanna og deildarstjóra.

<sup>24</sup> Rýnihópar leikskólakennara og deildarstjóra.

<sup>25</sup> Skólanámskrá Krílakots (2015).

<sup>26</sup> Rýnihópur leikskólakennara.

Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu. Börnin eru hvött til sjálfshjálpar meðal annars við að klæða sig í og úr fyrir og eftir útivist og skammta sér sjálf á diskana í matmálstímum. Benti foreldri í rýnihópi á að stundum hjálpuðu börnin sér svo mikið sjálf að þau væru ekki nógu vel klædd í útiveru. Daglegar athafnir eru vel nýttar til náms og samskipta og börnin eru að sögn starfsfólks hvött til að tjá sig í daglegu starfi og í samverustundum. Þau börn sem eru feimin að tjá sig eru hvött til að segja frá þegar þau eru í minni hópum, s.s. í hópastarfi. Börnin hafa ekki tekið þátt í að meta leikskólastarfið en samkvæmt leikskólastjóra stendur til að virkja börnin meira í því og nýta til þess svokallaða demantaaðferð.

## Námssvið

Í skólanámskrá leikskólans er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámskrár: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Formlegt nám fer fram í hópastarfi, valstundum og á útileiksvæði. Óformlegt nám fer fram í daglegum athöfnum.

Unnið er markvisst með læsi og samskipti í samverustundum og með því að bjóða upp á efnivið sem hvetur til læsis, ritunar og sögugerðar<sup>27</sup>. Einnig er hópastarfið og útikennslan nýtt til að vinna með leikskólalæsi og samskipti. Leikskólinn tók þátt í þróunarstarfi um læsi frá 2009–2012 og hefur leikskólalæsi verið fastur liður síðan og samþætt starfi leikskólans<sup>28</sup>. Þá stendur til að taka upp K-PALS, sem er nálgun við lestrarkennslu, og verið er að undirbúa þá vinnu með því að bjóða starfsfólki upp á að sækja námskeið<sup>29</sup>. Áhersla er á að ræða við börnin, vinna með hljóð, stafi og setja orð á alla hluti, t.d. þegar börnin eru að borða og klæða sig út<sup>30</sup>. Skipulagðar læsisstundir eru til og aðgengilegar öllu starfsfólki til að nýta í hópastarfi og samverustundum. Einnig er að sögn starfsmanna lögð áhersla á að hafa ritmál sýnilegt á deildum. Þegar matsaðilar voru á vettvangi var leikskólinn að koma sér fyrir í endurbættu húsnæði og ekki var búið að setja myndir eða ritmál upp á vegg. Í valstundum og frjálsum leik er boðið upp á Numicon, einingakubba og annan efnivið sem eflir m.a. rýmisgreind og stærðfræðivitund og hefur leikskólinn á undanförunum árum tekið þátt í tveimur þróunarverkefnum til að auka stærðfræðilæsi barna. Að sögn starfsmanna er stærðfræðin samtvinnuð daglegu leikskólastarfi. Unnið er með samskipti meðal annars í gegnum uppbyggingarstefnuna sem miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn barnanna og þjálfar þau í að ræða um tilfinningar sínar<sup>31</sup>. Þá er á elstu deildunum unnið með kennsluefnið „Stig af stigi“ meðal annars í þeim tilgangi að hvetja börnin til að tjá sig, efla félagsþroska og leita leiða til lausna þegar upp koma vandamál.

Unnið er með heilbrigði og vellíðan á margvíslegan hátt, bæði í skipulögðu starfi og í frjálsum leik. Frá hausti 2015 hefur verið unnið að innleiðingu heilsustefnu og stefnir leikskólinn að því að fá vottun sem heilsuleikskóli árið 2017<sup>32</sup>. Hreyfing úti fer meðal annars fram í útiveru og útikennslu. Börnin fara út 1–3 á dag eftir aldri, þroska og aðstæðum. Allir hópar fara í útikennslu einu sinni í viku í tengslum við hópastarf. Vikulega fara tveir elstu árgangarnir í íþróttahúsið þar sem íþróttakennari skipuleggur kennslu og á haustin og vorin fara elstu börnin í sundkennslu<sup>33</sup>. Öll börn fara í hvíld á hverjum degi. Áhersla er lögð á næringarríkan heimilismat og stuðst er við viðmið Lýðheilsustöðvar og Heilsuleikskóla. Nánast allur matur er útbúinn á staðnum.

Unnið er með sjálfbærni á ýmsa vegu. Leikskólinn tekur þátt í verkefninu *Skólar á grænni grein* sem miðar að því að auka meðvitund barnanna um jörðina og náttúruvernd. Frá 2012 hefur leikskólinn haft grænfánann<sup>34</sup>. Á tveggja ára fresti eru sett fram ákveðin markmið í tengslum við umhverfi og sjálfbærni. Skipuð hefur verið umhverfisnefnd með fulltrúum starfsfólks, barna og foreldra og settur fram umhverfissáttmáli. Sorp er flokkað, hlutir og efniviður endurnýttur, farið sparlega með efnivið og rusl tínt. Vísindi var það námssvið sem síst var sýnilegt í starfinu þá daga sem matsaðilar dvöldu á vettvangi. Í rýnihópum starfsfólks kom þó fram að til væru tæki og tól til vísindastarfa svo sem smásjá og stækkunargler sem unnið væri með í hópastarfi. 1–2ja ára börnin fara í könnunarleik einu sinni í viku þar sem þau fá tækifæri til að kanna og rannsaka ýmsa endurnýtanlega hluti á eigin forsendum.

<sup>27</sup> Skólanámskrá Krílakots.

<sup>28</sup> Rýnihópur leikskólakennara.

<sup>29</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>30</sup> Rýnihópur leikskólakennara.

<sup>31</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>32</sup> Starfsáætlun Krílakots.

<sup>33</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>34</sup> Skólanámskrá Krílakots.

Í leikskólanum er gott rými fyrir skapandi starf. Í daglegum samverustundum er unnið með söng, lestur og einnig eru börnin hvött til að koma fram og segja frá eða syngja<sup>35</sup>. Að sögn starfsfólks er unnið mikið með tónlist og hljóðfæri. Einu sinni í viku er sameiginlegur söngfundur á leikskólanum þar sem er sungið og stundum notuð hljóðfæri. Tónlistarkennarar frá Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar koma reglulega í heimsókn og spila fyrir börnin og kynna fyrir þeim hljóðfæri<sup>36</sup>. Í hópstarfi er unnið að listsköpun í tengslum við það þema sem unnið er með.

## Velferð og líðan barna

Andrúmsloft á deildum er afslappað og einkennist af virðingu og trausti. Lögð er áhersla á að koma til móts við öll börn út frá þörfum hvers og eins. Aðlögun nýrra barna fer fram með þátttökuáðlögun þar sem foreldrar dvelja á leikskólanum og taka þátt í starfinu þá þrjá daga sem aðlögunin fer fram.

Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir vorið 2016 af fræðsluviði Dalvíkurbyggðar kom fram að allir foreldrar, sem svöruðu könnuninni, segja að barninu þeirra líði vel í leikskólanum<sup>37</sup>. Þeir eru ánægðir með hvernig tekið er á móti barninu á morgnana og hvernig það er kvatt í lok dags en lögð er áhersla á það í leikskólanum að starfsfólkið bjóði alla foreldra og börn þeirra velkomin þegar þau koma í skólann og kveðji við brottför. Í rýnihópi foreldra var þetta nefnt sem einn af helstu styrkleikum leikskólans. Börnin í rýnihópi sögðu að þeim líði vel og fyndist gaman í leikskólanum og foreldrar í rýnihópi sögðu að börnin væru glöð og töluðu vel um leikskólann heima.

Í samræmi við uppbyggingastefnuna er lögð áhersla á það í leikskólanum að starfsfólk bregðist við krefjandi hegðun barna á uppbyggilegan hátt og forðist neikvætt samskiptamynstur svo sem ásakanir, tuð, skammir, uppgjöf og afsakanir. Að mati starfsmanna og leikskólakennara þarf þó að samræma betur viðbrögð starfsmanna við krefjandi hegðun barna. Foreldrar í rýnihópi nefndu að það væri „klárlega verið að byggja börnin upp“ og mikil umhyggja væri borin fyrir þeim. Á vettvangi sáu matsaðilar jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin. Matsmenn sáu einnig glöð og áhugasöm börn og almennt góð samskipti innan hópsins. Ekki virtist mikið um árekstra innan barnahópanna.

## Mat á námi og velferð barna

Mat á námi og velferð barna er unnið með skipulegum hætti. Hver hópstjóri fyllir út þroskalýsingu fyrir sinn hóp áður en foreldraviðtöl fara fram<sup>38</sup>. Í þroskalýsingunni eru aldursbundin viðmið til að hafa til hliðsjónar til að meta gróf- og fínhyringar, málþroska, vitsmunapróska og rökhugsun og félags- og tilfinningapróska. Þá hefur einnig verið gerð heilsufarsskráning fyrir börnin í tengslum við heilsueflandi leikskóla. Matslistarnir eru geymdir frá ári til árs til að unnt sé að fylgjast með framförum og á hvert barn sína framvindumöppu.

HLÍÓM 2 skimunarprófið er lagt árlega fyrir öll 5 ára börn til að meta hljóðkerfis- og málvitund þeirra<sup>39</sup>. Í framhaldi af því fá þau börn sem þess þurfa markvissar æfingar. Til stendur að leggja að auki fyrir TRAS málþroskaprófið á hverju ári á öllum deildum. Verið er að undirbúa þá vinnu með því að óska eftir að starfsfólk sækji námskeið. EFI 2 málþroskaskimun er gerð á öllum 4 ára börnum. Hjúkrunarfræðingur frá heilsugæslu kemur í leikskólann og leggur Brigance þroskaskimunarpróf fyrir 2,5 og 4 ára börn með þátttöku leikskólakennara eða foreldra. Umsjónarmaður sérkennslu vinnur með þeim börnum sem þurfa málörvun eða að fara til talmeinafræðings og leiðbeinir starfsfólki deilda og foreldrum.

Staða barna sem kunna að þurfa sérstakan stuðning er metin með viðeigandi matstækjum svo sem íslenska þroskalanum, Aseba mælitækinu, Orðaskil-málþroskaprófi og íslenska smábarnalistanum. Þroskaþjálfari, sem starfar á félagssviði Dalvíkur, kemur og gerir skimanir á börnunum þegar á þarf að halda.

<sup>35</sup> Rýnihópur leikskólakennara.

<sup>38</sup> Rýnihópur deildarstjóra

<sup>36</sup> Skólanámskrá Krílakots.

<sup>39</sup> Viðtal við leikskólalastjóra

<sup>37</sup> Foreldrakönnun Krílakots 2016.



## Styrkleikar

- Möguleikar húsnaðis, útileiksvæðis og umhverfis til leiks og náms eru vel nýttir.
- Starfsfólk á uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.
- Unnið er með læsi og samskipti á markvissan og fjölbreyttan hátt.
- Unnið er með heilbrigði og vellíðan barnanna og stefnir leikskólinn að því að fá vottun sem heilsuleikskóli.
- Unnið er með sjálfbærni og tekur leikskólinn þátt í verkefninu Skólar á grænni grein.
- Börnin eru glöð, milli þeirra ríkir samkennd og þeim líður vel í leikskólanum.
- Foreldrar eru ánægðir með það hvernig tekið er á móti börnunum á morgnana og hvernig þau er kvödd í lok dags.
- Reglur eru skýrar, samræmdar og börnin þekkja þær.
- Umhyggja og uppbyggjandi samskipti einkenna samskipti við börnin.
- Skipulega er unnið að mati á þroska og framförum barnanna.

## Tækifæri til umbóta

- Vinna ætti að því að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag, viðfangsefni og verkefnaval.
- Nýta mætti uppeldislegar skráningar til að gera styrkleika og áhuga barnanna sýnilegri og gera þeim kleift að hafa áhrif á leiðir í eigin námi.
- Viðbrögð við krefjandi hegðun barna ættu að vera samræmd og skráð.

## Foreldrasamvinna og ytri tengsl

### Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og í því sitja fimm fulltrúar foreldra. Kosið er í ráðið til eins árs í senn á hverju hausti. Leikskólastjóri boðar fundi með dagskrá og sendir fulltrúum í ráðinu gögn sem verða til umfjöllunar á fundinum. Fulltrúi foreldraráðs í rýnihópi og leikskólastjóri voru ekki á einu máli um tíðni funda í foreldraráði þar sem annar sagði þá vera tvo á ári en hinn fjóra. Ekki er gerð áætlun um fundi fyrir árið heldur fundað þegar þörf er á. Að sögn fulltrúa foreldraráðs hefur ráðið ekki sett sér starfsreglur. Fundargerðir eru ekki ritaðar.

Foreldrafélag er starfandi og er fimm manna stjórn þess skipuð í september ár hvert. Foreldrafélagið kemur að ýmsum viðburðum í leikskólanum svo sem sveitarferð, vorhátíð, Degi leikskólans og útskrift elstu barna. Félagið sér í samráði við leikskólann um gjafir til barnanna og jólasvein á „litlu jólunum“. Þá hefur foreldrafélagið stöku sinnum boðið upp á leiksýningar og gefið leikskólanum afmælisgjafir. Leikskólastjóri hittir stjórn foreldrafélagsins einu sinni á ári og er þá farið yfir verkefni vetrarins.

Áður en barn byrjar í leikskólanum er haldinn fundur með foreldrum og þeir fá afhenta foreldrahandbók með hagnýtum upplýsingum og bækling um mikilvægi móðurmálsins og þess að lesa fyrir börnin. Á haustin er árlegur foreldrafundur þar sem farið er yfir stefnu leikskólans, vetrarstarfið og dagskipulag. Að sögn foreldra í rýnihópi er mæting foreldra á fundinn yfirleitt slök. Mánaðarlega er gefið út

fréttabréf fyrir leikskólann og birt á heimasíðu. Þar koma fram ýmsar upplýsingar, meðal annars um stefnu og áherslur leikskólans. Á hverjum föstudegi senda deildarstjórar tölvupóst á foreldra þar sem farið er yfir liðna viku og hvað er framundan. Í foreldrakönnun fræðsluviðs kemur fram ánægja með upplýsingaflæði frá leikskólanum<sup>40</sup>. 65% foreldra sögðust vera ánægðir með heimasíðu leikskólans og rétt rúmlega 40% sögðust fylgjast vel með því sem sett er á heimasíðuna. Foreldrar í rýnihópum sögðust einkum nota heimasíðuna til að skoða myndir.

Foreldrar af erlendum uppruna sem tóku þátt í rýnihópi voru ánægðir með upplýsingaflæði frá leikskólanum og sögðust fyrst og fremst fá upplýsingar í daglegum samskiptum. Vikulegir tölvupóstar og fréttabréf eru á íslensku en ef koma þarf mikilvægum upplýsingum til skila svo sem um lús eða njálg eru upplýsingarnar sendar á tungumáli foreldra.

Boðið er upp á foreldrasamtöl tvisvar á ári, að hausti og vori<sup>41</sup>. Að hausti er lögð áhersla á að veita upplýsingar um almenna líðan barnsins og gengi í leikskólanum. Að vori er fjallað um þroska, líðan og hegðun barnsins og farið með foreldrum yfir þroskalýsingar og niðurstöður heilsufarslista og skimana. Á haustin hafa foreldrarnir val um foreldraviðtal og hafa þá frumkvæði að því að óska eftir því en að vori eru þeir boðaðir í viðtal. Allir foreldrarnir sem svöruðu fyrrnefndri könnun mátu viðtölin markviss og árangursrík og langflestir töldu að leikskólinn veiti nægar upplýsingar um náms- og þroskastöðu barnanna. Boðið er upp á túlkaþjónustu í viðtölum til að mæta þörfum barna og foreldra af erlendum uppruna.

Reglulega eru haldnar uppákomur sem foreldrum er sérstaklega boðið til svo sem mömmu- og pabbakaffi, grænánahátíð og vetrarleikar. Í foreldrakönnun fræðsluviðs kom fram að langflestir foreldrar álíta fjölda skipulagðra foreldraheimsókna í leikskólann hæfilegan<sup>42</sup>. Foreldrar hafa tekið virkan þátt í verkefnum sem leikskólinn hefur staðið fyrir og var í rýnihópum nefnt dæmi um þátttöku þeirra í að búa til svokallað „Söguskjóðuverkefni“ sem var unnið í samvinnu foreldra og starfsfólks. Sérstök áhersla var á að virkja foreldra af erlendum uppruna til þátttöku í verkefninu og tókst það vel. Foreldrar tóku líka þátt í að byggja upp leikskólalóðina í sjálfboðastarfi.

## Viðhorf foreldra

Áðurnefnd foreldrakönnun gefur til kynna að almenn ánægja ríki meðal foreldra með leikskólann og samskipti við stjórnendur og starfsmenn<sup>43</sup>. Þeir upplifa að þeir séu velkomnir í leikskólann og að tekið sé tillit til óska þeirra og ábendinga. Foreldrar í rýnihópi voru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og starfsmenn hans. Sögðu þeir að þeir væru alltaf velkomnir að koma inn á deildir þó þeir nýttu sér það lítið. Nefndu þeir að andrúmsloftið á leikskólanum væri gott og kurteisi og virðing ríkti. Flestir starfsmenn hafa metnað til að vinna vel með börnunum að mati foreldra.

## Samstarf við grunnskóla

Árleg áætlun er gerð um samstarf Krílakots og Dalvíkurskóla og fara elstu börnin í reglulegar heimsóknir til fyrsta og annars bekkjar yfir skólaárið<sup>44</sup>. Fimmti bekkur er vinabekkur leikskólans og tekur m.a. þátt í Vetrarleikunum með leikskólanum. Sjöundi bekkur kemur einu sinni yfir veturinn og les fyrir börnin og nemendur úr 10. bekk hafa komið í starfsnám í leikskólann. Einnig hafa grunnskólanemendur verið í verknámi á leikskólanum. Skilafundur er haldinn með grunnskólanum að vori og afhentar niðurstöður athugana og skimana fyrir þau börn sem byrja í skólanum að hausti.

## Annað samstarf

Samstarf er við Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar og koma tónlistarkennarar þaðan í heimsókn í leikskólann og spila fyrir börnin. Form og tíðni heimsókna frá tónlistarkennurum hefur verið misjafnt á milli ára og á síðasta ári voru heimsóknirnar tvær. Haustið 2016 var gert samkomulag við tónlistarskólann um vikulegar heimsóknir tónlistarkennara í tónlistarstund með tveimur elstu árgöngunum.

<sup>40</sup> Foreldrakönnun Krílakots 2016.

<sup>43</sup> Foreldrakönnun Krílakots 2016.

<sup>41</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>44</sup> Skólanámskrá Krílakots.

<sup>42</sup> Foreldrakönnun Krílakots 2016.

Farið er í reglulegar heimsóknir á bókasafnið þar sem lesið er fyrir börnin og bækur sóttar. Nokkuð er einnig um að farið sé með börnin í heimsókn á heimili aldraða í Dalvíkurbyggð.

Samstarf er meðal skólastjóra í Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð og fara leikskólastjórnendur á reglulega fundi með öðrum skólastjórnendum þessara tveggja sveitarfélaga<sup>45</sup>. Foreldrafélagið hefur verið í samstarfi við foreldrafélag leikskólans á Árskógsströnd um leiksýningar fyrir börnin<sup>46</sup>.

### Styrkleikar

- Foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið.
- Foreldrar eru ánægðir með starfsemi leikskólans og samskipti við stjórnendur og starfsfólk.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin.
- Samstarf við foreldra er gott, foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans og eru reiðubúnir í sjálfböðavinnu fyrir leikskólann þegar eftir því er leitað.
- Boðið er upp á tülkaþjónustu í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku.
- Vel er staðið að samstarfi við Dalvíkurskóla um aðlögun barna á milli skólastiga og upplýsingagjöf um þau.
- Samstarf er á milli leikskóla og tónlistarskóla.

### Tækifæri til umbóta

- Foreldraráð þarf að funda reglulega og setja sér starfsreglur.
- Skrá þarf fundargerðir foreldraráðs og gera þær aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
- Gera þarf foreldrahandbók 2016 aðgengilega á heimasíðu leikskólans.

## Skóli án aðgreiningar

### Sérfræðipjónusta og sérkennsla

Leikskólinn vinnur eftir stefnu leikskóla Dalvíkurbyggðar frá 2010 í að mæta sértækum þörfum barna. Leikskólastjóri, sem er menntaður sérkennari, ber ábyrgð á að sértækum þörfum barnanna sé mætt og er í nánú samstarfi við deildarstjóra um mál einstakra barna. Einstaklingsnámskrá er gerð bæði fyrir börn sem þarfnast sérstakrar kennslu og fyrir börn sem fara í málörvunartíma<sup>47</sup>. Í einstaklingsnámskrám eru sett fram þau markmið sem vinna á með og eru þau endurmetin og uppfærð reglulega. Ráðgjafar á félagssviði og fræðslu- og menningarsviði Dalvíkurbyggðar eru leikskólanum til aðstoðar og eins getur leikskólinn leitað til iðjubjálfa sem starfar í grunnskóla Dalvíkurbyggðar.

Umsjónarmaður sérkennslu er leikskólakennari. Hann fylgir eftir einstaklingsnámskrám og sér um alla málörvun í leikskólanum. Málörvun fer fram bæði inni á deildum og í sérstöku rými sem er ætlað til sérkennslu. Ábending kom fram í viðtali við umsjónarmann sérkennslu að nú þegar leikskólinn er allur kominn undir sama þak þá sé orðið tímabært að móta heildarstefnu um framkvæmd stuðnings og sérkennslu með hliðsjón af því hvaða vinna fari fram inni á deildum og hvað fari fram inni hjá umsjónarmanni sérkennslu.

Nemendaverndarráð leikskólans hefur verið skipað og í því eru leikskólastjóri, fulltrúi heilsugæslu og sérfræðingar affélagssviði og fræðslu- og menningarsviði Dalvíkurbyggðar<sup>48</sup>. Nemendaverndarráðsfundi situr einnig umsjónarmaður sérkennslu þegar við á og deildarstjóri þeirrar deildar sem viðkomandi barn er á. Nemendaverndarráð tekur til umfjöllunar mál einstakra barna sem deildarstjórar telja þörf á að athuga með hliðsjón af andlegum og líkamlegum þroska viðkomandi. Alltaf er fengið leyfi frá foreldrum áður en málefni barns eru rædd á nemendaverndarráðsfundi. Fundir ráðsins eru á tveggja mánaða fresti og oftast þegar þörf er á.

<sup>45</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>46</sup> Rýnihópur foreldra.

<sup>47</sup> Viðtal við umsjónarmann sérkennslu.

<sup>48</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

## Börn með annað móðurmál en íslensku

Unnið er samkvæmt Fjölmenningarstefnu Dalvíkurbyggðar. Fylgst er með málþroska tvítýngdra barna og öll börn sem hafa annað móðurmál en íslensku fá málörvun og stuðning við að læra íslensku hjá umsjónarmanni sérkennslu<sup>49</sup>. Hann tekur öll tvítýngd börn frá fjögurra til sex ára í málörvunartíma tvisvar í viku í 20-30 mínútur í senn. Yfirleitt er unnið með börnin tvö til fjögur saman. Umsjónarmaður sérkennslu leiðbeinir einnig starfsfólki um hvernig það getur unnið með tvítýngdum börnum inni á deildum.

Frá 2015 hefur verið í gangi þróunarverkefni á leikskólanum sem nefnist LAP (e. Linguistically, Appropriate, Practice) og fékk leikskólinn styrk frá Sprotasjóði og þróunarsjóði innflytjenda til að vinna að verkefninu. Með verkefninu er lögð sérstök áhersla á að styðja við móðurmál barna sem hafa annað móðurmál en íslensku. Í tengslum við verkefnið hafa t.d. öll rými leikskólans verið merkt á mörgum tungumálum. Fleira var nefnt sem liður í LAP verkefninu s.s. að Meistari Jakob væri sunginn á mörgum tungumálum, heimskort væri á vegg þar sem upprunaland barnanna væri merkt og leitað væri eftir að börnin nefndu heiti hluta á sínu tungumáli, s.s. „hvernig segir þú smjör á pólsku?“<sup>50</sup> Matsaðilar sáu í vettvangsathugunum að börnin ræddu sín á milli um hvernig þau væru mismunandi í útliti og í rýnihópi barna sagði eitt þeirra: „Allir eru ekki eins... ekki með eins hár. Sumir eru með brún og blá augu“.

Nokkrir erlendir starfsmenn eru starfandi á leikskólanum og að sögn eins þeirra hefur hann aldrei upplifað annað en að vera einn af hópnum<sup>51</sup>. Fjölmening leikskólans, mannauður og margbreytileiki í barna- og starfsmannahópnum var af mörgum nefndur sem einn af helstu styrkleikum leikskólans. Foreldrar af erlendum uppruna sem tóku þátt í rýnihópi sögðu að þau hefðu aldrei fundið fyrir aðgreiningu í leikskólanum.

### Styrkleikar

- Sett hefur verið stefna fyrir leikskóla Dalvíkurbyggðar um hvernig sértækum þörfum barna er mætt.
- Leikskólinn nýtur góðs stuðnings frá sérfræðingum á félagssviði og fræðslu- og menningarsviði Dalvíkurbyggðar. Gott samstarf er líka við heilsugæslu bæjarins.
- Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir börn sem þarfnast sérstaks stuðnings og fyrir börn sem njóta málörvunar.
- Nemendaverndarráð er starfandi sem fundar reglulega um mál einstakra barna.
- Til fyrirmyndar er hvernig stutt er við börn og foreldra sem hafa annað móðurmál en íslensku.
- Leikskólinn er með þróunarverkefni sem felst í að styðja við móðurmál barna af erlendum uppruna.

### Tækifæri til umbóta

- Leggja ætti áherslu á að málörvun fari sem mest fram inni í barnahópnum í almennu starfi.

## Innra mat

### Skipulag og viðfangsefni

Innra mat Krílakots er kerfisbundið með matsáætlun til fjögurra ára ásamt aðgerðadagatali fyrir hvert skólaár. Matsáætlun fyrir skólaárið 2016 til 2017 liggur ekki fyrir en á heimsíðu má finna matsáætlun fyrir skólaárin 2012 til 2016 þar sem því er lýst hvernig helstu þættir starfsins voru metnir. Matsáætlunin mætti vera skýrari og einfaldari, t.d. er innihald dálka ekki alltaf í samræmi við yfirskrift. Tenging við markmið skólans er óskýr og ekki er fjallað sérstaklega um að hve miklu leyti þau hafa náðst.

Greinargerðir um niðurstöður innra mats, þar sem farið er yfir niðurstöður hvers þáttar samkvæmt matsáætlun og settar fram tillögur að umbótum, birtast á heimasíðu leikskólans.

<sup>49</sup> Viðtal við umsjónarmann sérkennslu.

<sup>50</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>51</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

## Gagnaöflun og vinnubrögð

Innra matið byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun. Matið er samofið daglegu leikskólastarfi þar sem mat fer fram í samræðu á starfsmannafundum, deildarfundum og í starfsmannaviðtölum<sup>52</sup>.

Kannanir á vegum Dalvíkurbyggðar eru lagðar reglulega fyrir starfsfólk og foreldra og niðurstöðurnar nýttar í innra mati. Stjórnendur Krílakots fara ekki markvisst inn á deildir til að meta starfið en sögðust í viðtölum gefa endurgjöf og leiðbeiningar eftir þörfum og hvettu aðra til að gera slíkt hið sama og að því væri vel tekið. Leitað er eftir sjónarmiðum starfsfólks og foreldra í innra mati en hingað til hefur ekki verið leitað markvisst eftir sjónarmiðum barna.

Tveir fulltrúar starfsmanna ásamt leikskólastjóra skipa matsteymi Krílakots en virkni teymisins hefur ekki verið mikil og leikskólastjóri virðist bera hitann og þungann af matinu.

## Opinber birting og umbætur

Matsskýrsla og umbótaáætlun fyrir skólaárið 2015 til 2016 liggur ekki fyrir. Í matsskýrslu frá 2015 er farið yfir niðurstöður samkvæmt matsáætlun og eftir hvern þátt er lauslega fjallað um umbætur. Ekki liggur fyrir samantekt eða greining á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta og umbótaáætlun hefur ekki verið gerð.

Að sögn stjórnenda eru niðurstöður innra mats kynntar starfsfólki en foreldrar í rýnihópi könnuðust ekki við að hafa fengið sérstaka kynningu á niðurstöðum innra mats.

## Styrkleikar

- Innra mat er kerfisbundið með áætlunum.
- Matið er samofið daglegu starfi.
- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við gagnaöflun.
- Leikskólinn nýtir kannanir sveitarfélagsins í innra mati.
- Leitað er til starfsfólks og foreldra þegar gagna er aflað.

## Tækifæri til umbóta

- Gera þarf matsáætlun fyrir skólaárið 2016 til 2017 ásamt langtímaáætlun.
- Matsáætlun má einfalda og skýra þannig að yfirsýn fái til lengri tíma en matsáætlun fyrir skólaárið sýni nákvæmar upplýsingar.
- Meta þarf markmið skólanámskrár markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Stofna matsteymi með fulltrúum stjórnenda, starfsfólks og foreldra þannig að allir hópar geti komið að því að ákveða áherslur og forgangs röðun í innra mati.
- Leita eftir sjónarmiðum barna í innra mati.
- Markvisst þarf að greina og taka saman styrkleika og tækifæri til umbóta og birta í greinargerð um innra mat.
- Gera og birta nákvæma umbótaáætlun, þar sem fram koma þær aðgerðir sem gripið er til, markmið með umbótum og viðmið um árangur, tímasetningar, ábyrgðaraðilar svo og hvenær og hvernig endurmat fer fram.

<sup>52</sup> Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, rýnihópa deildarstjóra og starfsmanna.

## Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

- D → 1,0 – 1,5 = **rautt** – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = **gult** – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = **ljósgrænt** – meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = **grænt** – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta

## Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi Krílakots: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektafólks í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

### Styrkleikar

- Stefna leikskólans, hugmyndafræði og áherslur eru skýrar. Þátttakendur í öllum rýnihópum þekktu stefnuna og hún er sýnileg í starfinu.
- Húsnæði leikskólans er nýtt eða nýuppgert. Það er rúmgott og vinnuaðstaða barna og starfsfólks er mjög góð.
- Leikskólalóð er stór, skemmtilega hönnuð og býður upp á mikla möguleika.
- Starfsfólk og foreldrar komu að hönnun húsnæðis og foreldrar tóku virkan þátt í uppbyggingu lóðar.
- Gott samstarf er á milli leikskólans og fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar.
- Stjórnendur leiða faglegt starf þar sem unnið er að þróun og umbótum með hag barna að leiðarljósi.
- Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu starfi.
- Stjórnendur eru sýnilegir í starfi og gott aðgengi er að þeim.
- Almenn ánægja er með stjórnun skólans.
- Starfsandi er almennt góður og unnið hefur verið að eflingu hans bæði innan skólans og hjá Dalvíkurbyggð.
- Metnaður ríkir í leikskólanum og starfsfólk er stolt af starfi sínu.
- Ófaglært starfsfólk fær undirbúningstíma vikulega.
- Starfsfólki líður almennt vel í vinnuni.
- Skólabragur er góður og að mati foreldra í rýnihópi einkennist hann af jöfnuði og virðingu.
- Möguleikar húsnæðis, útileiksvæðis og umhverfis til leiks og náms eru vel nýttir.
- Starfsfólk á uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.
- Unnið er með læsi og samskipti á markvissan og fjölbreyttan hátt.
- Unnið er með heilbrigði og vellíðan barnanna og stefnir leikskólinn að því að fá vottun sem heilsuleikskóli.
- Unnið er með sjálfbærni og tekur leikskólinn þátt í verkefninu Skólar á grænni grein.
- Börnin eru glöð, milli þeirra ríkir samkennd og þeim líður vel í leikskólanum.
- Foreldrar eru ánægðir með það hvernig tekið er á móti börnunum á morgnana og hvernig þau er kvödd í lok dags.
- Reglur eru skýrar, samræmdar og börnin þekkja þær.

- Umhyggja og uppbyggjandi samskipti einkenna samskipti við börnin.
- Skipulega er unnið að mati á þroska og framförum barnanna.
- Foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið.
- Foreldrar eru ánægðir með starfsemi leikskólans og samskipti við stjórnendur og starfsfólk.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin.
- Samstarf við foreldra er gott, foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans og eru reiðubúnir í sjálfboðavinnu fyrir leikskólann þegar eftir því er leitað.
- Boðið er upp á tülkaþjónustu í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku.
- Vel er staðið að samstarfi við Dalvíkurskóla um aðlögun barna á milli skólastiga og upplýsingagjöf um þau.
- Samstarf er á milli leikskóla og tónlistarskóla.
- Sett hefur verið stefna fyrir leikskóla Dalvíkurbyggðar um hvernig sértækum þörfum barna er mætt.
- Leikskólinn nýtur góðs stuðnings frá sérfræðingum á félagssviði og fræðslu- og menningarsviði Dalvíkurbyggðar. Gott samstarf er líka við heilsugæslu bæjarins.
- Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir börn sem þarfnast sérstaks stuðnings og fyrir börn sem njóta málörvunar.
- Nemendaverndarráð er starfandi sem fundar reglulega um mál einstakra barna.
- Til fyrirmyndar er hvernig stutt er við börn og foreldra sem hafa annað móðurmál en íslensku.
- Leikskólinn er með þróunarverkefni sem felst í að styðja við móðurmál barna af erlendum uppruna.
- Innra mat er kerfisbundið með áætlunum.
- Matið er samofið daglegu starfi.
- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við gagnaöflun.
- Leikskólinn nýtir kannanir sveitarfélagsins í innra mati.
- Leitað er til starfsfólks og foreldra þegar gagna er aflað.

### Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og því þarf að halda áfram að leita allra leiða til að ráða menntaða leikskólakennara til starfa.
- Vinna mætti með gildi leikskólans í tengslum við stefnu og áherslur.
- Gera stefnu skólans betur aðgengilega fyrir þá foreldra sem ekki lesa íslensku.
- Gera þarf skipurit fyrir skólann og skrá verkaskiptingu stjórnenda.
- Huga að fyrirkomulagi deildarfunda í samráði við starfsfólk.
- Í skólanámskrá þarf að gera betur grein fyrir samstarfi skólastiga og þeim upplýsingum sem fylgja barni sem flyst milli leikskóla eða í grunnskóla. Einnig þarf að fjalla betur um vinnulag og aðferðir við mat á þroska, námi, vellíðan og færni barna.
- Gæta að því að skipulagsdagar séu rétt merktir og auglýstir.
- Gera símenntunaráætlun og birta í starfsáætlun.



- Gæta þess að heimasíða sé uppfærð þannig að þar séu ávallt nýjustu upplýsingar og skjöl.
- Virkja foreldra í stefnumótun.
- Vinna ætti að því að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag, viðfangsefni og verkefnaval.
- Nýta mætti uppeldislegar skráningar til að gera styrkleika og áhuga barnanna sýnilegri og gera þeim kleift að hafa áhrif á leiðir í eigin námi.
- Viðbrögð við krefjandi hegðun barna ættu að vera samræmd og skráð.
- Foreldraráð þarf að funda reglulega og setja sér starfsreglur.
- Skrá þarf fundargerðir foreldraráðs og gera þær aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
- Gera þarf foreldrahandbók 2016 aðgengilega á heimasíðu leikskólans.
- Leggja ætti áherslu á að málörvun fari sem mest fram inni í barnahópnum í almennu starfi.
- Gera þarf matsáætlun fyrir skólaárið 2016 til 2017 ásamt langtímaáætlun.
- Matsáætlun má einfalda og skýra þannig að yfirsýn fái stutt yfir matið til lengri tíma en matsáætlun fyrir skólaárið sýni nákvæmar upplýsingar.
- Meta þarf markmið skólanámskrár markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Stofna matsteymi með fulltrúum stjórnenda, starfsfólks og foreldra þannig að allir hópar geti komið að því að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Leita eftir sjónarmiðum barna í innra mati.
- Markvisst þarf að greina og taka saman styrkleika og tækifæri til umbóta og birta í greinargerð um innra mat.
- Gera og birta nákvæma umbótaáætlun, þar sem fram koma þær aðgerðir sem gripið er til, markmið með umbótum og viðmið um árangur, tímasetningar, ábyrgðaraðilar svo og hvenær og hvernig endurmat fer fram.

## Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum Krílakoti leiðir í ljós að þar fer fram gott og metnaðarfullt leikskólastarf. Stefna leikskólans er skýr og sýnileg í starfi með börnunum. Stjórnendur leiða faglegt starf, vinna að því að skapa góðan leikskólabrag og eru sýnilegir í leikskólanum. Starfsandi er góður, metnaður ríkir og starfsfólk er stolt af starfi sínu. Skipulega er unnið að mati á þroska og framförum barnanna og til fyrirmyndar er hvernig stutt er við börn og foreldra sem hafa annað móðurmál en íslensku. Börnunum líður vel og foreldrar eru ánægðir með leikskólann og samskipti við stjórnendur og starfsfólk. Áfram þarf að leita leiða til að fá fleiri leikskólakennara til starfa. Einnig ætti að vinna að því að auka áhrif barnanna á skipulag starfsins og þátttöku þeirra í ákvörðunum. Huga þarf að meiri formfestu í kringum starfsemi foreldraráðs. Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu leikskólastarfi en auka þarf lýðræðislega þátttöku allra hagsmunahópa, meta markvisst markmið skólanámskrár og vinna að umbótum eftir umbótaáætlunum.

## Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 12. maí 2016.

Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Foreldrahandbók Krílakots 2016.

Fræðslu- og menningarsvið Dalvíkurbyggðar: Foreldrakönnun Krílakots 2016.

Fræðslu- og menningarsvið Dalvíkurbyggðar: Starfsmannakönnun Krílakots og Kátakots 2016.

Fræðslu- og menningarsvið Dalvíkurbyggðar: Stefna leikskóla Dalvíkurbyggðar í að mæta sértækum þörfum barna.

Heimasíða Dalvíkurbyggðar. Slóðin er: <http://www.dalvikurbyggd.is/>

Heimasíða Krílakots. Slóðin er: <http://www.dalvikurbyggd.is/krilakot/>

Leikskóladagatal 2015–2016.

Leikskólar Dalvíkur: Krílakot og Kátakot. Námskrá 2015.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Starfsáætlun fræðslu- og menningarsviðs 2016.

Viðtöl:

Símtal við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs.

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihópa foreldra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp leikskólakennara.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við umsjónarmann sérkennslu.



